

## 7. bekkur

### Ágætu foreldrar/forráðamenn.

Í þessum námsvísi birtast helstu áhersluþættir í kennslu einstakra námsgreina. Þeim sem vilja leita sér nánari upplýsinga er bent á Aðalnámskrá grunnskóla veffang: [www.mrn.stjr.is](http://www.mrn.stjr.is). Aðalnámskrá útfærir nánar ákvæði laga um kjarnagreinar og aðrar skyldunámsgreinar og segir til um áherslur og vægi. Hún er grundvöllur skólanámskrárgerðar og jafnframt viðmiðun við mat á skólum og skólastarfi. Viðmiðunarstundaskrá, sem sýnir hlutfallslegt vægi milli námsgreina og námssviða, er hluti af aðalnámskrá. Heildarfjöldi kennslustunda í 7. bekk er 35.

**Umsjónarkennarar í 7. bekk eru:** Elín Elísabet Magnúsdóttir og Esther G. Gestsdóttir

### Heimavinna

Nemendur þurfa oft að lesa í fleiri en einni bók heima sem tilheyra hinum ýmsu námsgreinum. Mikil áhersla er lögð á heimalestur og mikilvægt er að nemendurnir nái upp góðri lesfimi, tækni við að greina efni í texta og vinna með hann. Nemendur fá af og til verkefni í stærðfræði og íslensku til að vinna heima. Mikilvægt er að nemendur ljúki við verkefni sem þeir hafa ekki náð að klára í skólanum. Stundum er nemendum ætlað að ljúka verkefnum sem þeir hafa ekki náð að klára í skólanum.

### Námsmat

Kennarinn skipuleggur kennslu út frá hæfniviðmiðum aðalnámskrár. Þau viðmið sem lögð er áhersla á er hægt að finna í hæfnikortum nemenda á Mentor. Reglulega yfir skólaárið er mat á hæfni nemenda fært inn í hæfnikortið og gert sýnilegt foreldrum.

## Íslenska

**Helstu áhersluatriði:** Að efla lesskilning nemenda, orðaforða og málskilning. Það gerum við t.d. með því að lesa fjölbreytta texta og vinna með innihald lesefnis.

Nemendur þjálfast í að tjá sig fyrir framan bekkjarfélagana t.d. með því að lesa frumsaminn texta og kynna verkefni. Þeir hlusta á umræður og taka þátt í þeim.

Nemendur taka þátt í lestrarátaki í skólanum sem er samvinna bekkjarkennara og bókasafnskennara. Í ritun læra nemendur að semja sögur með atburðarás. Unnin verða bókmenntaverkefni.

Farið verður í helstu hugtök ljóða s.s. rím og ljóðstafi. Nemendur vinna ljóða vinnubækur þar sem þeir setja upp ljóðin, vinna verkefni um höfundana og myndskreyta.

Nemendur vinna með tungumálið á fjölbreyttan hátt t.d. með sögum, myndasögum, krossgátum og ýmsum orðaleikjum. Unnið er með orðflokkanafnorð, sagnorð og lýsingarorð út frá helstu einkennum þeirra með margvíslegri verkefnavinnu.

Nemendur þjálfast í stafsetningu í almennri ritun og með því að fara í nokkrar stafsetningarreglur og vinna verkefni.

Lögð er áhersla á vandaðan frágang allra verkefna og að nemendur skrifi læsilega tengda skrift.

**Helsta námsefni:** Orðspor 3 grunn- og verkefnabók, Töfraskinna, Skrift 5-7, Þriðji smellur, Finnbjörg, Ljóðspor og annað efni frá kennara.

**Helstu kennsluaðferðir:** Leiðsagnarnám, umræðu og spurnaraðferðir, útlitunarkennsla, leikir, samvinnunám, þulunám og þjálfunaræfingar.

**Námsmat:** Gerðar eru námslotur þar sem gengið er út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla og er gert mat á frammistöðu nemanda út frá hverju viðmiði. Um er að ræða fjölbreytt námsmat þar sem metið verður út frá margbreytilegri hæfni og verða verkefni í takt við það. Horft er til eftirfarandi þátta í Aðalnámskrá grunnskóla; talað mál, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun og stafsetning og málfræði.

**Kennarar:** Umsjónarkennarar.

### Stærðfræði

**Helstu áhersluatriði:** Nemendur halda áfram að vinna með grunnþættina samlagningu, frádrátt, margföldun og deilingu. Auk þess er fengist við mælingar, flatarmál, rúmfræði, mynstur, breytur, algebru, almenn brot, hnitakerfi, línurit og líkindareikning. Áhersla er lögð á að nemendur þrói með sér góðan skilning og geti gert skýra grein fyrir lausnum sínum. Þeim er gert að beita stærðfræðipokkingu sinni á ýmis svið og fást við verkefni sem reyna á rökhusun, innsæi og talnaskilning. Grunnbækur eru fjölnota og nemendur skrá lausnir sínar og vangaveltur í vinnubók (reikningsbók). Lögð er áhersla á að nemendur haldi vinnubók sinni snyrtilegri og vandi uppsetningu og frágang dæma.

**Helsta námsefni:** Stika 3a og 3b (nemendabók og æfingahefti), ásamt efni frá kennara.

**Helstu kennsluaðferðir:** Þrautalausnir, leikir, spil, umræðu- og spurnaraðferð, bein kennsla og samvinnunám.

**Námsmat:** Námsmat byggir á símati sem birt er með bókstöfum. Gerð verður námslota þar sem gengið er út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla. Um er að ræða fjölbreytt námsmat þar sem metið verður út frá margbreytilegri hæfni og verða verkefni í takt við það. Horft er til eftirfarandi þátta í Aðalnámskrá grunnskóla; að geta spurt og svarað með stærðfræði, að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar, vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar, tölur og reikningur, rúmfræði og mælingar, tölfræði og líkindi.

**Kennarar:** Umsjónarkennarar.

## Samfélagsfræði

**Helstu áhersluatriði:** Samfélagsgreinar eru þær greinar sem fjalla um samfélög og menningu á upplýsandi og gagnrýninn hátt. Greininni er ætlað að efla skilning nemenda á ákveðnum grundvallar gæðum mannlegs lífs. Markmið samfélagsgreina er að stuðla að skilningi nemenda á mörgum þeim hugmyndum og hugsjónum sem liggja til grundvallar viðhorfum okkar til umhverfis, auðlinda, menningar og sögu. Í sögukennslu er horft frá fortíð til samtíma á meðan trúarbragðafræði er ætlað að auka skilning á ríkjandi trúarbrögðum ásamt því að fela í sér siðfræði. Landfræði snertir á hinum ýmsu landfræðilegu þáttum Íslands, nágrannalanda okkar og Evrópu.

**Helsta námsefni:** Evrópa, Miðaldafólk á ferð, Kristin trú, Islam, Gyðingdómur, Búddhatrú, Hindúatrú og annað efni frá kennara.

**Helstu kennsluaðferðir:** Leiðsagnarnám liggur til grundvallar. Leitarnám, umræðu- og spurnaraðferð, útlistunarkennsla og samvinnunám.

**Námsmat:** Námsmat byggir á símati sem birt er með bókstöfum. Gerð verður námslota þar sem gengið er út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla. Um er að ræða fjölbreytt námsmat þar sem metið verður út frá margbreytilegri hæfni og verða verkefni í takt við það. Horft er til eftirfarandi þátta í Aðalnámskrá grunnskóla; umhverfis, samfélags, sögu, menningar, sjálfsmyndar og samskipta.

**Kennarar:** Umsjónarkennarar.

## Náttúrufræði

**Helstu áhersluatriði:** Nám í náttúrufræðigreinum á að einkennast af lýðræðislegum vinnubrögðum. Áhersla er lögð á að nemendur séu vísindalæsir. Í því felst að þeir geti lesið texta um náttúruvísindi sér til gagns, notað hugtök úr náttúrugreinum í daglegu lífi og skilið náttúruleg og manngerð fyrirbæri. Hæfni í náttúrugreinum felst í þekkingu og leikni, en einnig í viðhorfi til náttúru, tækni, samfélags og umhverfis. Undir náttúrugreinar heyra m.a. náttúrufræði, eðlisvísindi, jarðvísindi, lífvísindi og umhverfismennt.

**Helsta námsefni:** Líf í fersku vatni, Auðvitað – heimilið, Maðurinn – hugur og heilsa og annað efni frá kennara.

**Kennsluaðferðir:** Leitarnám, vettvangsferðir, útikennsla, umræðu- og spurnaraðferð, útlistunarkennsla, verklegar æfingar og samvinnunám.

**Námsmat:** Námsmat byggir á símati sem birt er með bókstöfum. Gerð verður námslota þar sem gengið er út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla. Um er að ræða fjölbreytt námsmat þar sem metið verður út frá margbreytilegri hæfni og verða verkefni í takt við það. Horft er til eftirfarandi þátta í Aðalnámskrá grunnskóla; getu til aðgerða, nýsköpunar og hagnýtingu þekkingar, gildi og hlutverk vísinda, tækni, vinnubragða og færni.

**Kennarar:** Umsjónarkennarar og Sigríður Víkingsdóttir

### **Enska**

**Helstu áhersluatriði:** Byggja upp jákvætt viðhorf gagnvart ensku, nemendur kynnist grundvallaratriðum enskrar tungu og geti m.a. myndað og skilið einfaldar setningar. Enskukunnátta veitir innsýn í fjölbreyttan menningarheim þeirra þjóða sem hafa ensku sem fyrsta mál og þjóða þar sem enska hefur stöðu annars máls. Tungumál er eitt mikilvægasta tæki mannsins til að orða hugsun sína, afla sér þekkingar og eiga samskipti við aðra.

**Helsta námsefni:** Yes we can 7, Málfræðihefti A, B og C.

**Ítarefni:** Margmiðlunarforrit og myndbönd ásamt efni frá kennara

**Helstu kennsluáðferðir:** Bein kennsla, einstaklingsmiðað nám, samvinnunám og hlutverkaleikir.

**Námsmat:** Námsmat byggir á símati sem birt er með bókstöfum. Gerðar verða námslota/námslotur þar sem gengið er út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrá grunnskóla. Um er að ræða fjölbreytt námsmat þar sem metið verður út frá margbreytilegri hæfni og verða verkefni í takt við það. Horft er til eftirfarandi þátta í Aðalnámskrá grunnskóla; hlustunar, lesskilnings, samskipta, frásagna, ritunar, menningarlausis og námshæfni.

**Kennari :** Umsjónarkennarar.

### **Upplýsinga- og tæknimennt**

**Helstu áhersluatriði:** Upplýsinga- og tæknimennt er samþætt við allar námsgreinar. Unnið verður í google-umhverfinu og nemendum kennt að nýta sér það. Einnig verða ýmis öpp nýtt við verkefnavinnu. Lögð er áhersla á góða umgengni við tölvur, bæði í skólanum og utan hans.

**Námsmat:** Námsmat byggir á símati sem birt er með bókstöfum. Gerð verður námslota þar sem gengið er út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrá grunnskóla. Um er að ræða fjölbreytt námsmat þar sem metið verður út frá margbreytilegri hæfni og verða verkefni í takt við það. Horft er til eftirfarandi þátta í Aðalnámskrá grunnskóla; vinnulag og vinnubrögð, upplýsingaöflun og úrvinnsla, tækni og búnaður, sköpun og miðlun og siðferði og öryggismál.

**Kennarar:** Umsjónarkennarar.

### **Jákvæður agi - Lífsleikni**

**Helstu áhersluatriði:** Unnið verður með uppeldisstefnuna Jákvæður agi. Náminu er sérstaklega ætlað að styrkja nemendur í því að takast á við ábyrgðina sem fylgir því að þroskast úr barni í ungling. Taka ábyrgð á eigin gjörðum og leita lausna ef eitthvað fer úrskeiðis. Unnið er að því að hjálpa nemendum til að öðlast meira sjálfstraust, hafa

betri boðskipti bæði heima og í skólanum, taka ákvarðanir byggðar á staðreyndum fremur en þrýstingi frá umhverfinu. Lögð er áhersla á að nemendur viðhaldi og/ eða myndi sér þá skoðun að segja *nei* við tóbaki, áfengi og öðrum fíkniefnum. Þátttaka foreldra ýtir undir það að vel takist til. Með virkri þátttöku þeirra geta þeir einnig lært meira um það hvernig unnt er að takast á við það viðburðaríka starf að ala upp 12-14 ára einstakling. Áhersla er lögð á að nemendur skoði samskipti undir mismunandi kringumstæðum s.s. með því að gera sér grein fyrir eðli samskipta og glöggva sig á hvaða samskiptamynstur einkenni þá. Bekkjarfundir eru m.a. nýttir í þessu sambandi. Umferðarfræðsla er jafnframt hluti af lífsleikni.

**Helsta námsefni:** Verkfæri Jákvaðs aga og Eineltishringur Olweusar.

Samgöngustofa.is – fræðsla. Umferðarvefurinn. Umferd.is/kennarar.

Umferd.is/nemendur

**Námsmat:** Þar sem umfjöllunarefni lífsleikninnar eru mjög huglæg er erfitt að meta þau á hefðbundin hátt. Kennarinn fylgist með framförum og virkni nemandans.

**Kennarar:** Umsjónarkennarar.

### Danska

**Helstu áhersluatriði:** Skilja einfaldan texta með grunnorðaförða í daglegu lífi og geta tekið þátt í samskiptaleikjum. Að átta sig á skyldleika tungumála og nýta sér í náminu. Áhersla er á talað mál og að geta skrifað einfaldan texta.

**Helsta námsefni:** Smart, lesbók, vinnubók, kvikmyndir og þættir. Gagnvirkar æfingar ásamt leikjum og spilum.

**Námsmat:** Námsmat byggir á símati sem birt er með bókstöfum. Gerð verður námslota þar sem gengið er út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrá grunnskóla. Um er að ræða fjölbreytt námsmat þar sem metið verður út frá margbreytilegri hæfni og verða verkefni í takt við það. Horft er til eftirfarandi þátta í Aðalnámskrá grunnskóla; hlustun, lesskilningur, samskipti, frásögn, ritun, menningarläsi og námshæfni.

**Kennari:** Arna Ýr Guðmundsdóttir

### Myndmennt

**Helstu áhersluatriði:** Hugur - Hönd - Heilbrigði. Áhersla er lögð á að þjálf huga og hönd til skapandi starfs. Nemandinn byggir eigin listsköpun á hugmyndavinnu tengdri ímyndun, rannsóknun og reynslu. Hann nýtir mismunandi leiðir í eigin sköpun og eflir persónulega útfærslu hugmynda. Hann hagnýtir þá leikni sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt verkefni. Nýtir í eigin sköpun grunnþætti myndlista, einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingu. Kynnir sér og gerir greinarmun á völdum listastílum myndlista og vinnur verkefni tengd því. Hann eflir eigin læsi á umhverfi sitt og myndmál í umhverfinu og yfirfærir sjónræna upplifun sína yfir á myndflöt. Sýnir vinnuferli frá hugmynd að myndverki. Sýnir frumkvæði og eflir persónulega útfærslu hugmynda, notar mismunandi efni, verkfæri og miðla á markvissan hátt. Gerir grein fyrir völdum listastefnum í myndlist og gerir grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlista og hönnunar. Nemendur vinna

sjálfstætt og taka jafnframt þátt í ýmsum samstarfsverkefnum. Þeir sýni þrautseigju og efli vitund um vönduð vinnubrögð. Þeir verði meðvitaðir og ábyrgir í eigin framgöngu og geri alltaf sitt besta. Áhersla er lögð á jákvæð samskipti, góða umgengni um efni og áhöld og frágang á vinnusvæði.

**Námsefni og kennslugögn:** Kennslugögn og námsefni frá kennara, sem unnið er upp úr ýmsum vefsíðum, bókum og fræðum sem byggja m.a. á teikniþroska, hugmyndavinnu, skapandi nálgun, grunnþáttum fagsins, sögulegu samhengi, kennslufræði myndlista, upplýsingatækni og aðferðum greinarinnar. Einnig er þegar það á við leitað fanga á gagnvirkum síðum Námsgagnastofnunar og öðrum síðum þegar það á við. Unnið er með hugmyndafræði myndlæsis, bæði til tjáningar og kynningar á listasögu. Reynt er að gæta fjölbreytni í viðfangsefnum og taka mið af áhugasviði hvers og eins eftir því sem hægt er til að gera námið áhugaverðara.

**Helstu kennsluáferðir:** Stuttir fyrirlestrar og kynning við upphaf nýrra verkefna, sýnikennsla, einstaklingsleiðsögn, verklegar æfingar, samvinna og umræður.

**Námsmat:** Leiðsagnarmat. Námsmat er unnið út frá hæfniviðmiðum aðalnámskrár sem einfölduð hafa verið í námsviðmið til að gera matið skilvirkara þegar hæfni nemenda er metin. Aðallega er horft til vinnuferlis en að einhverju leyti tekið mið af afrakstri vinnunnar, sjálfsmati og framförum nemenda. Námsmat fer fram reglulega á tímabilinu. Námsviðmið koma fram á hæfnikorti nemandans á Mentor.

**Kennari:** Elsa María Guðmundsdóttir

## Textílmennt

**Helstu áhersluatriði:** Nemendur vinni eftir leiðbeiningum frá kennara. Þeir fái innsýn í efni og áhöld sem notuð eru í greininni. Þeir tileinki sér hugtök og undirstöðuatriði textíl greinarinnar. Áhersla er lögð á að nemendur tileinki sér sjálfstæði í vinnubrögðum.

**Kennsluhættir:** Námið er miðað við að auka færni nemandans og efla hjá honum þekkingu og skilning á sem flestum þáttum greinarinnar. Tekið er mið af skólasýn Glerárskóla, hugur - hönd - heilbrigði þar sem m.a er lögð áhersla á að nemendur þjálfí verklega hæfni, geri tilraunir og þrói hugmyndir sínar. Stuttir fyrirlestrar við upphaf verkefna, sýnikennsla, einstaklings leiðsögn, verklegar æfingar.

**Námsefni:** Tölva og internet, fagbækur af öllu tagi auk fjölbreyttra verkefna frá kennara. Uppskriftir, snið og verkefnablöð.

**Námsmat:** Námsmat byggir á markmiðum í skólanámskrá/Aðalnámskrá grunnskóla, þar sem lagt er mat á hvort nemandi hafi náð settum markmiðum auk annara þátta, og þau viðmið koma fram á hæfnikorti nemandans í Mentor.

Námsmat fer fram reglulega á tímabilinu og byggir það á vinnuferli, þ.e. vinnusemi, vandvirkni, frumkvæði, umgengni og framkomu auk þess sem afrakstur vinnunnar er metinn.

**Kennari:** Soffía Margrét Hafþórsdóttir

## Hönnun og smíði

**Hæfniviðmið:**

- Geta valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki.
- Gert grein fyrir uppruna og notagildi þess efniviðar sem notaður er í smíðastofunni.

- Útskýrt hugmyndir sínar með því að rissa upp málsetta vinnuteikningu.
- Lesið einfalda teikningu, smíðað eftir henni og unnið eftir hönnunarferli frá hugmynd að lokaafurð,
- Valið samsetningar og yfirborðsmeðferð sem hæfa verkefnum,
- Hannað og smíðað verkefni sem nýtir orkugjafa og lýst því hvaða virkniþættir eru að verki í ýmsum hlutum.
- Lýst hvernig tæknin birtist í nánasta umhverfi hans og almennt í samfélaginu.
- Greint þarfir í umhverfi sínu og rætt mögulegar lausnir. gert grein fyrir hvort efni séu hættuleg og hvernig hægt sé að flokka efni sem fellur til í smíðastofunni.
- Gert við og endurnýjað eldri hluti og lengt þannig líftíma þeirra.
- Útskýrt réttar vinnustellingar og valið viðeigandi hlífðarbúnað.

### **Námsefni**

Bækur, blöð og vefsíður

### **Kennsluhættir:**

Innlögn, sýnikennsla, verklegar æfingar, vettvangsferðir.

### **námsmat:**

Byggt er á leiðsagnarmati þar sem skoðað er hvar nemandinn er staddur í námi sínu, hvert hann stefnir og þá hvernig best sé að standa að þeim aðgerðum út frá þeim hæfniviðmiðum sem eru lögð til grundvallar. Þetta stuðlar að sjálfstæði nemenda og eflir skilning á markmiðum.

**Kennari:** Ólafur Viðar Hauksson.

## **Tónlist/sjónlist/sviðslist**

### **Markmið:**

- Að nemendur geti notað mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulegan hátt í eigin sköpun
- Að efla áhuga á tónlist og sviðslistum.
- Að þjálfa nemendur í aðferðum listgreina.
- Að þjálfa tón- og taktskyn.
- Að örva ímyndunarafl og geta hreyft sig óþvingað eftir tónlist.
- Að nemendur kynnist hljóðfærum og hljóðfærasmiði.
- Að nemendur kynnist ýmsum tegundum tónlistar.
- Að nemendur nái að tengja saman hreyfingu, túlkun og tónlist
- Að nemendur taki virkan þátt í leikrænu ferli í hópi og geti beitt fleiri en einu form leiklistar
- Að nemendur geti sýnt viðeigandi hegðun sem áhorfendur

**Námsmat:** Umsögn um áhuga og frammistöðu, metið út frá hæfniviðmiðum. Þátttaka þ.m.t. í undirbúningi og framkvæmd á atiði á Glerárvision og sviðsatriði á árshátíð.

## **Heimilisfræði**

**Markmið:** Að nemendur þjálfist í að stækka og minnka uppskriftir og breyta g. í dl. og öfugt. Temji sér sjálfstæði og frumkvæði í vinnubrögðum en geta einnig unnið í samvinnu og samstarfi við aðra. Temji sér góð vinnubrögð og réttar vinnustellingar.

Að nemendur geti unnið af öryggi og sjálfstæði með einföldustu aðferðir í matreiðslu úr öllum fæðuflokkum t.d. suðu, steikingu og að nota allar baksturs aðferðirnar.

Nemendur tileinki sér hreinlæti í meðferð matvæla/ krossmengun, örverur og fl. Taka þátt í að bera fram mat og skipuleggja matarboð. Kynnist geymsluáðferðum matvæla, geti tjáð sig um heilbrigða lífshætti og tengsl við heilsufar. Nemendur geti tjáð sig um aðalatriði næringarfræðinnar s.s. vítamín, steinefni, orkuefni og geti tengt þau við matvæli og fæðuflokkana. Kunni skil á allri flokkun sem kemur frá eldhúsi. Kynnist átröskunarsjúkdómum, fæðuþoli og ofnæmi, sykursýki og fl.

**Skipulag kennslu/kennsluáðferðir:** Nemendur vinna 2-3 saman í hóp. Stuttur fyrirlestur/útlistun í byrjun tímans, sýnikennsla ef þörf er á, einstaklingskennsla. Kennari aðstoðar eftir þörfum en leitast er við að efla sjálfstæð vinnubrögð. Reynt er að hafa viðfangsefni fjölbreytt og í takt við hæfniviðmið heimilisfræðinnar.

#### **Námsefni/ kennslugögn**

Matur og menning og verkefnavinna upp úr bókinni, Gott og gagnlegt 3 les og vinnubók ásamt uppskriftum, ljósrituðum verkefnum, gögn frá kennara, matreiðslubækur og blöð.

**Námsmat:** Unnið er út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár í heimilisfræði og sameiginlegum hæfniviðmiðum fyrir list og verkgreinar og metið samkvæmt því. Leiðsagnarmat fer fram alla önnina sem miðar að því að fylgjast með og sjá stöðuna á meðan á námi stendur. Frammistöðumat (verklegt próf) til að kanna hæfni nemenda við að beita þekkingu sinni og leikni. Einnig er vinnubókin metin.

**Kennari:** Ingibjörg Björnsdóttir

## **Hreyfing og heilsa**

**Námsefni:** Efni frá kennara.

**Skipulag kennslu:** Leitast verður við að nemendur upplifi fræðslu um hollustu, hreyfingu og heilbrigðan lífsstíl á jákvæðan og virkan hátt. Farið verður í gönguferðir, gerðar æfingar í kennslustofunni og á skólalóð auk smá verkefna frá kennara.

**Námsmat:** Kennarar fylgjast með framförum og virkni nemandans og gefa umsögn við lok vorannar.

**Kennarar:** Umsjónarkennarar

## **Skólaíþróttir**

**Helstu áhersluatriði og markmið:** Aukin áhersla á heilsuuppeldi, líkamsvitund og upplifun á nánasta umhverfi með kennslu utandyra og útivist. Auka þekkingu á gildi hreyfingar til heilsuræktar og eigin mati á stöðu sinni. Áhersla á styrkjandi og liðkandi æfingar sem leggja grunn að þreki og líkamsreisin.

**Leiðir:** Fjölbreyttir íþróttatímar sem innihalda m.a. ýmsar þolæfingar, styrktaræfingar, liðleikaæfingar, boltaleiki sem og leiki. Nemendum er skylt að koma með íþróttaföt og handklæði í hvern tíma og fara í sturtu að honum loknum. Æskilegt er að nemendur hafi með sér skó í íþróttatímum. Ef nemendur geta ekki tekið þátt í íþróttum verður að koma tölvupóstur frá foreldrum á netfang íþróttakennara þar sem ástæður forfalla koma fram.

**Námsgögn:** Stór og smá áhöld til íþróttaiðkunar.



**Námsmat:** Leiðsagnarmat sem miðar að því að fylgjast með og sjá stöðuna á meðan námi stendur og lokamat sem er mat á árangri náms og kennslu í lok námstíma, leikni- og afkastagetupróf. Nánari upplýsingar um námsframvindu má nálgast á Mentor undir námsframvinda/námsmarkmið. Námsmarkmið sem merkt er við á Mentor eru unnin upp úr hæfniviðmiðum úr Aðalnámskrá grunnskóla.

**Kennarar:** Hrefna Dagbjartsdóttir, Kári Jóhannesson og Páll Viðar Gíslason

### Skólasund

**Helstu áhersluatriði:** Megináhersla á leikniþætti og kennslu allra sunnaðferða og byggja ofan á þann grunn sem fyrir er og gera nemendur þar með vel sundfæra.

**Leiðir:** Fjölbreyttir sundtímar. Æskilegt er að nemendur klæðist sundskýlum og sundbolum, en ekki stuttbuxum og bikiníi þar sem slíkur klæðnaður hamlar sundfærni. Mikilvægt að muna eftir sundgleraugum og hártægjum. Ef nemendur geta ekki tekið þátt í sundi verður að koma tölvupóstur frá foreldrum á netfang íþróttakennara þar sem ástæður forfalla koma fram.

**Námsmat:** Leiðsagnarmat sem miðar að því að fylgjast með og sjá stöðuna á meðan námi stendur og lokamat sem er mat á árangri náms og kennslu í lok námstíma, leikni- og afkastagetupróf. Nánari upplýsingar um námsframvindu má nálgast á Mentor undir námsframvinda/námsmarkmið. Námsmarkmið sem merkt er við á Mentor eru unnin upp úr hæfniviðmiðum úr Aðalnámskrá grunnskóla.

**Kennarar:** Hrefna Dagbjartsdóttir, Kári Jóhannesson og Páll Viðar Gíslason